

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Grenivíkurskóli

Nafn verkefnis: Verkfæri og viðbætur

Nafn verkefnisstjóra: Guðrún Árnadóttir

Númer samnings: UMS 77 skólaárið 2018-2019

Markmið verkefnis

Að nemendur fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og útfæra verkgreinar á fjölbreyttari hátt. Að þeir fái fjölbreytt tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að finna nýjar leiðir í verknámi. Útfrá hugtakinu nýsköpun verður verklegt nám í heimilisfræði skoðað og með nemendum fundnar fleiri og/eða nýjar leiðir fyrir þá til að þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum með aðstoð nýjustu tækni. Með innreið snjalltækni í skólastarf er það tilfinning umsækjanda að lítið hafi verið horft til verkgreina hvað það varðar. Til að gera nám nemenda sýnilegra er tæknin kjörin leið og mikilvæg þegar kemur að því að sýna fram á færni, þekkingu og leikni nemenda. Með rafrænum möppum (e. digital portfolio), myndböndum, rafrænum fréttabréfum og með öðrum rafrænum leiðum má varpa ljósi á undirbúning og ferli, vinnslu, aðferðir og útkomu nemanda í verkvinnu. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að verkleg kunnátta hvíli á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. En um leið er mikilvægt að flétta nýjustu tækni og nýsköpun inn í vinnuna. Þar eins og annarsstaðar fæst nemandinn við verkefni sem hæfa þroska hans, hann gerir tilraunir og nýtir tækni og tæknina í vinnu sinni. Með því að nýta tæknina og geta þannig horft á ferlið aftur, lært af mistökum og endurtekið eins og þörf er á eykur það sjálfsöryggi og starfsánægju um leið og það gefur tækifæri til sköpunar. Markmiðið er að nota spjaldtölvur markvisst við undirbúning, tilhögun og vinnu í heimilisfræði svo skrá megi ferli á Um verkefnið lærdómsríkan og gagnlegan hátt. Ætlunin er að hver nemandi haldi rafrænar möppur (e. digital portfolio) sem hann safnar sínum verkefnum í. Hvort sem það eru myndir af útkomu, uppskriftir, upptökur af ferli, upptökur af samvinnu eða annað sem ástæða þykir til að meta.

Leiðir að markmiðum

- Kynning á iPöðum
- Appið *Book Creator* kynnt fyrir nemendum og þeir byrjuðu að nota appið og hver og einn byrjaði að útfæra sína uppskriftarbók þar.
- Klippiforritið *iMovie* kynnt og nemendur notuðu það og æfðu sig.
- Nemendur tóku upp matreiðslutíma og æfðu sig svo í að klippa til og búa til myndband í *iMovie* til að hafa í uppskriftabókinni.
- Kannanir gerðar í *SurveyMonkey* til að kanna hvernig þeim líkaðu tímarnir.

Helstu frávík

Þar sem nemendur voru fljótari að ná námsefninu og ljúka við uppskriftabókina en ég var búin að skipuleggja bætti ég við ýmsum forritum sem mér fannst henta til að auka þjálfun þeirra til að nota iPad og sem nýttust í öðrum greinum þar sem ég var að kenna fleira en heimilisfræði. Þau forrit voru *BookRecorder*, *Quiver Masks*, *PuppetPals* og *Kahoot*.

Hindranir

Erfitt reyndist að fara á iPad námskeið þar sem ég var skráð á þrjú slík sem öll féltu niður. Því varð úr að ég fékk að heimsækja skóla sem vinnur með iPad í kennslu og fékk þar stuðning og fræðslu er varðar notkun á iPad í kennslu.

Ávinningur


Samhliða þessu verkefni sem upphaflega var, aðeins hugsað sem ný leið við gerð uppskriftabóka, hafa nemendur fengið kennslu í fleiri öppum/smáforritum í iPad tímum og einnig haldið kynningu á uppskriftabókinni og héldu spurningakeppni fyrir allan skólann í *Kahoot*. Það er augljóst að börnum finnst tæknin spennandi og þeim finnst þau ekki vera að læra heldur frekar að leika sér þegar þau hafa iPad í höndunum.

Mat á verkefni


Þar sem mikil ánægja meðal nemenda var með þessa tíma og þeir telja sig hafa lært mikið hefur verið ákveðið að halda þeim áfram næsta skólaár. Augljóst er að nemendur voru afar áhugasamir og tilbúnir að læra nýja hluti. Einnig voru þeir fljótir að tileinka sér nýtt verkfæri sem iPadinn er og þær viðbætur sem öppin bjóða upp á.

Niðurstaða verkefnis


- Nemendur voru ánægðir með iPad tímana í vetur eins og sjá má á niðurstöðu könnunar. Spurt var; hvernig fundust þér iPad tímarnir í vetur?



- Nemendum fannst að það ætti að halda áfram með tímuna næsta vetur. Spurt var; Finnst þér að það eigi að halda áfram að kenna á iPada í skólanum?



- Ein spurningin var; lærðir þú eitthvað í iPad tímunum í vetur?



Verkefnið var kynnt fyrir öllum skólanum ásamt skólastjóra frá Kanada sem var í heimskókn hjá okkur. Verkefnið var kynnt á samveru á svæði og einnig voru nemendur búnir að útbúa skemmtilegan spurningarleik í Kahoot sem þau höfðu einnig lært að gera í iPad tímunum.

Grenivík, 10. júní 2019

Guðrún Árnadóttir

Guðrún Árnadóttir, verkefnisstjóri

Ásta Fönn Flosadóttir

 GRENVÍÐSSKÓLI

Ásta Fönn Flosadóttir, skólastjóri